

Almenni lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2019

Febrúar 2020



TALNAKÖNNUN HF.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Niðurstaða úttektar.....	3
Forsendur úttektar.....	6
Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur.....	7
Áhrif breyttra forsendna á skuldbindingar í árslok 2019.....	7
Eignir, rekstur og endurmat.....	8
Niðurlag.....	9
Söguleg þróun á stöðu sjóðsins.....	10
Viðauki TAFLA 1.....	12
Viðauki TAFLA 2.....	13
Viðauki GÖGN.....	14

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins athugað tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2019. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athugininni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vigfús er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hélendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Auk Vigfúsar kom Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, að verkinu.

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin úr Krúkerfi FUGLA ehf. og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2019. Gögnin bárust á minnislykli.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2019.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2019.
3. Lífeyrisþegar í desember 2019.

Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaður nema með samanburði við tryggingafræðileg gögn fyrri ára og tölur úr ársreikningi og var ágætis samræmi þar á milli.

Niðurstaða úttektar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga til sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða sem miðast við árslok 2018. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 5.999 milljónir. Það er veikari staða en í árslok 2018 en þá var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 1.961 milljón. Forsendubreytingar á væntum lífslíkum sjóðfélaga hafa 9.083 milljóna króna áhrif til lækkunar á heildarstöðu en væntar lífslíkur byggja nú í fyrsta sinn á reynslu sjóðfélaga á árunum 2014 – 2018. Halli áfallinnar stöðu eykst á milli ára og er nú 5.251 milljónir en var 5.139 milljónir í árslok 2018. Áfallin staða sjóðsins hefur því veikst um 122,5 milljónir, sem er 0,1% af áföllnum skuldbindingum í árslok 2019. Við óbreyttar forsendur um lífslíkur er heildarstaðan að styrkjast um 5.045 milljónir á árinu 2019 og áfallin staða að styrkjast um 5.180 milljónir króna.

Heildarstaða	2019	2018
Endurmetin eign	88.406.102	81.966.288
Framtíðariðgjöld	119.802.000	104.250.123
Kostnaður	-7.936.010	-6.985.956
Heildareign	200.272.092	179.230.454
Lífeyrisskuldbindingar	206.271.523	181.191.848
Eignir umfram skuldir	-5.999.431	-1.961.393
Staða	-2,9%	-1,1%

Áfallin staða	2019	2018	Framtíðarstaða	2019	2018
Höfuðstóll	127.891.342	109.422.827	Núvirði framtíðariðgjalda	88.406.102	81.966.288
Viðbót vegna endurmats	-8.089.342	-5.172.704	Rekstrarkostnaður	-4.511.843	-3.987.273
Fjárfestingakostnaður	-252.955	-292.718			
Rekstrarkostnaður	-3.171.212	-2.705.965			
Hrein áfallin eign	116.377.833	101.251.439	Hrein framtíðareign	83.894.259	77.979.015
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	121.629.372	106.390.475	Framtíðar- lífeyrisskuldbindingar	84.642.151	74.801.373
Eignir umfram skuldir	-5.251.539	-5.139.036	Eignir umfram skuldir	-747.892	3.177.642
Staða	-4,3%	-4,8%	Staða	-0,9%	4,2%

Heildarstaða sjóðsins er innan hámarks 10% vikmarka sem lög kveða á um eða -2,9%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og er sjóðurinn einnig innan þeirra marka. Lög segja ekkert um áfallna

stöðu lífeyrissjóða en þar sem innvinnsla réttinda í Almenna lífeyrissjóðnum er aldursháð og framtíðarstaða á því að vera í jafnvægi er eðlilegt að miða við að það gildi sömu vikmörk um áfallna stöðu og heildarstöðu. Áfallin staða er einnig innan 5% vikmarkanna eða neikvæð um 4,8%.

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubrýðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Tryggingafræðileg úttekt í árslok 2018 var reiknuð miðað við lífs- og örorkulíkur samkvæmt reynslu árána 2010 til 2014 á meðal sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins. Í upphafi ársins 2020 voru unnar nýjar sérhæfðar lífslíkur sjóðfélaga sem byggja á reynslu árána 2014 til 2018 hjá sjóðnum. Þessar nýju forsendur eru nú notaðar til grundvallar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og eru áhrif forsendubreytinganna sýndar í töflu á bls. 8.

Heildarlífeyrisskuldbindingar Almenna lífeyrissjóðsins í árslok 2019 voru 206.272 milljónir og hækkaðu um 25.080 milljónir á árinu. Helstu breytingar ársins eru sýndar hér að neðan.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar		
Eignir	2019	2018
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	200.272.092	179.230.454
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	179.230.454	160.409.657
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	<u>21.041.638</u>	<u>18.820.797</u>
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	206.271.523	181.191.848
Skuldbindingar í ársbyrjun	181.191.848	164.729.009
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	<u>25.079.676</u>	<u>16.462.839</u>
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-4.038.038	2.357.958


Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	2019	2018
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	106.390.475	94.737.741
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	6.680.747	6.552.978
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	6.173.910	5.749.236
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-2.433.467	-2.111.456
Hækkun vegna breyttra dánar- og örorkulíka	5.254.288	1.921.246
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	<u>-436.581</u>	<u>-459.271</u>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>121.629.372</u>	<u>106.390.475</u>

Liðurinn annað innifelur meðal annars áhrif þess að sjóðfélagar hafa ekki lifað á árinu 2019 í samræmi við tryggingafræðilegar forsendur.

Framtíðarstaða	2019	2018	Breyting		
Núvirði iðgjalda	88.406.102	81.966.288	6.439.815	7,9%	
Rekstrarkostnaður	-4.511.843	-3.987.273	-524.570	11,6%	
Elliskuldbinding	79.142.730	69.899.418	9.243.311	11,7%	
Örorkuskuldbinding	4.287.233	3.861.015	426.218	9,9%	
Makaskuldbinding	223.201	220.389	2.812	1,3%	
Barnaskuldbinding	988.987	820.550	168.437	17,0%	
Núvirði skuldbindinga	84.642.151	74.801.373	-9.840.779	-11,6%	
Staða	-747.892	-0,9%	3.177.642	4,2%	-3.925.534

Við óbreyttar forsendur stendur framtíðarstaðan nánast í stað á árinu 2019 en hún færi úr því að vera jákvæð um 3.178 milljónir eða 4,2% af framtíðarskuldbindingum í árslok 2018 í að vera jákvæð um 3.043 milljónir eða 3,8% af skuldbindingum í árslok 2019. Iðgjöld ársins sem koma til grundvallar framreiknings hækka úr 5.528 milljónum á árinu 2018 í 5.929 milljónir á árinu 2019 sem er 7,2% hækkun en iðgjöldin hækkuðu um 15,1% á árinu 2018.

Eftirfarandi mynd sýnir iðgjöld sjóðfélaga eftir aldri árin 2018 og 2019.



Forsendur úttektar

Ellilífeyrir

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 70 ára afmælisdegi eða næsta afmælisdegi sjóðfélaga, ef hann er eldri en 70 ára í árslok 2019.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 70 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2019 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins.
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Sjóðfélagar vinna sér inn réttindi til ellilífeyris í samræmi við iðgjöld og töflu 1 í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 19. grein samþykpta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga
2. Áunninn makalífeyrir er 50% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir skal greiddur óskertur í tvö ár frá andláti sjóðfélaga hið minnsta og síðan að hálfu í eitt ár til viðbótar en þó alltaf óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 20 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga. Ef eftirlifandi maki er 50% eða meira öryrki við andlát greiðist makalífeyrir til 67 ára aldurs, ef örorkan helst.
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 36.526 krónur á mánuði eða hlutfallslega miðað við örorkuprósentu.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysliverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2014 til 2018. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra.
3. Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við reynslu lífeyrissjóða á tímabilinu 2011 – 2016 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
4. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum.

Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur

Taflan sýnir niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar forsendur. Tryggingafræðilegar forsendur eru frábrugðnar íslenskum stöðlum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar dánar- og örorkulíkur. Örorkulíkurarnar byggja á reynslu árána 2010 – 2014 hjá sjóðnum og byggja lífslíkurarnar á reynslu árána 2014 – 2018. Sé tryggingafræðileg staða sjóðsins reiknuð út frá stöðluðum tryggingafræðilegum forsendum versnar hún úr því að vera neikvæð um 2,9% í að vera neikvæð um 7,8%. Við staðlaðan útreikning lækka skuldbindingar vegna ellilífeyris um 17.752 milljónir, örorkuskuldbindingar hækka um 21.163 milljónir og verðmæti framtíðariðgjalda lækka um 4.715 milljónir króna.

Niðurstaða í árslok 2019	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
ÁFALLIN STAÐA			HEILDARSTAÐA	
Höfuðstóll	127.891.342	127.891.342	Framtíðar iðgjöld	88.406.102 83.690.441
Viðbót vegna endurmats	-8.089.342	-8.089.342	Eign	116.377.833 116.377.833
Fjárfestingarkostnaður	-252.955	-252.955	Framtíðar rekstrarkostnaður	-4.511.843 -4.511.843
Rekstrarkostnaður	-3.171.212	-3.171.212		
Endurmetin eign	116.377.833	116.377.833	Heildareign	200.272.092 195.556.430
Áfallnar skuldbindingar	121.629.372	120.164.456	Heildarskuldbindingar	206.271.523 212.014.392
Eignir umfram skuldbindingu	-5.251.539	-3.786.623	Eignir umfram skuldbindingu	-5.999.431 -16.457.961
Staða	-4,3%	-3,2%	Staða	-2,9% -7,8%

Áhrif breyttra forsendna á skuldbindingar í árslok 2019

Í byrjun árs 2020 voru unnar nýjar sérhæfðar lífslíkur fyrir Almenna lífeyrissjóðinn sem byggja á dánartíðni sjóðsfélaga á árunum 2014 – 2018. Þessar nýju sérhæfðu lífslíkur eru nú í fyrsta sinn notaðar sem forsendur fyrir vænta dánartíðni sjóðfélaga í tryggingafræðilegri athugun. Taflan sýnir breytingu á skuldbindingum sjóðsins vegna þessarar uppfærslu á lífslíkum. Við óbreyttar forsendur á milli ára væri heildarstaða sjóðsins í árslok 2019 9.083 milljónum sterkari og stæði í +1,6%.

Niðurstöður í árslok 2019	Nýjar forsendur	Óbreyttar forsendur	Breyting	
Áfallnar skuldbindingar:				
Elliskuldbinding	108.596.954	103.270.686	5.326.269	5,2%
Örorkuskuldbinding	4.122.553	4.112.428	10.125	0,2%
Makaskuldbinding	8.770.664	8.852.724	-82.060	-0,9%
Barnaskuldbinding	139.201	139.246	-45	0,0%
Samtals:	121.629.372	116.375.084	5.254.288	4,5%
Framtíðarskuldbindingar				
Elliskuldbinding	79.142.730	75.201.323	3.941.406	5,2%
Örorkuskuldbinding	4.287.233	4.275.895	11.337	0,3%
Makaskuldbinding	223.201	234.725	-11.523	-4,9%
Barnaskuldbinding	988.987	989.940	-953	-0,1%
Samtals:	84.642.151	80.701.884	3.940.268	4,9%
Núvirði framtíðariðgjalda	88.406.102	88.294.292	111.811	0,1%

Eignir, rekstur og endurmat

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talnakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins orðsendingu í tölvupósti um að reglur um endurmat væru óbreyttar frá fyrra ári (sjá skýrslu í fyrra).

Eignir og rekstur miða við ársreikning sem barst frá fjárfestingastjóra í tölvupósti 18. febrúar.

Verðbréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það -8.089 milljónir króna eða -6,3% af bókfærðri eign. Rekstrarkostnaður undir liðnum fjárfestingargjöld var 10,8 milljónir og núvirði hans 253,0 milljónir. Nettó endurmat eigna er því -8.342 milljónir króna. Annar rekstrarkostnaður var samtals 327,6 milljónir og núvirði hans 7.683 milljónir sem bætast við heildarskuldbindingu. Af þeirri upphæð leggjast 3.171 milljónir á áfallna skuldbindingu sjóðsins.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknuð af Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára.

Gert í Reykjavík 27. febrúar 2020

TALNAKÖNNUN HF.





Vigfús Ásgeirsson
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins




Arnór Ingi Finnbjörnsson
Sérfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Söguleg þróun á stöðu sjóðsins



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins



Tvær breytingar hafa átt sér stað á áunnum lífeyrisréttindum hjá sjóðnum frá árinu 2010. Í úttektinni í árslok 2010 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 5,0% og í árslok 2012 voru öll áunnin réttindi síðan lækkuð um 3,0%. Á árinu 2018 var réttindatöflu sjóðsins breytt sem varð til þess að framtíðarstaðan styrktist um 3,8%. Í grafinu hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir breytingar á áfallinni- og framtíðarstöðu sjóðsins.

Viðauki TAFLA 1
Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	6.816	239,7	42	99.834	2.684	3.453	619	106.590
Óvirkir	8.675	17,6	43	11.180	228	721	0	12.129
Ellilífeyrisþegar	1.077	140,8	74	18.222	0	2.096	0	20.318
Örorkulífeyrisþegar	163	49,4	55	835	824	46	0	1.705
Makalífeyrisþegar	16	76,7	55	0	0	163	0	163
Barnalífeyrisþegar	47	20,8	12	0	0	0	74	74
SAMTALS	16.794	116,0	44,8	130.072	3.736	6.479	693	140.980

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	4.838	177,4	39	49.067	3.379	428	370	53.244
Óvirkir	7.928	10,7	42	5.854	309	126	0	6.289
Ellilífeyrisþegar	260	60,7	74	2.133	0	46	0	2.179
Örorkulífeyrisþegar	176	37,7	52	614	986	6	0	1.606
Makalífeyrisþegar	131	129,6	72	0	0	1.909	0	1.909
Barnalífeyrisþegar	33	24,0	11	0	0	0	65	65
SAMTALS	13.366	73,5	41,8	57.668	4.674	2.515	435	65.292

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	11.654	213,8	41	148.901	6.063	3.882	989	159.835
Óvirkir	16.603	14,3	42	17.034	537	846	0	18.418
Ellilífeyrisþegar	1.337	125,2	74	20.355	0	2.142	0	22.497
Örorkulífeyrisþegar	339	43,3	53	1.449	1.810	52	0	3.311
Makalífeyrisþegar	147	123,8	71	0	0	2.071	0	2.071
Barnalífeyrisþegar	80	22,1	12	0	0	0	139	139
SAMTALS	30.160	97,2	43,5	187.740	8.410	8.994	1.128	206.272

(þúskr.)

SAMTALS				187.740	8.410	8.994	1.128	206.272
----------------	--	--	--	----------------	--------------	--------------	--------------	----------------

Bókfærð eign								127.891
--------------	--	--	--	--	--	--	--	---------

Endurmat og kostnaður								-16.025
-----------------------	--	--	--	--	--	--	--	---------

Núverandi eign								111.866
-----------------------	--	--	--	--	--	--	--	----------------

Ókomin iðgjöld	KARLAR							56.344
----------------	--------	--	--	--	--	--	--	--------

Ókomin iðgjöld	KONUR							32.062
----------------	-------	--	--	--	--	--	--	--------

	Samtals							88.406
--	---------	--	--	--	--	--	--	---------------

Heildareign								200.272
--------------------	--	--	--	--	--	--	--	----------------

STAÐA							-2,9%	-5.999
--------------	--	--	--	--	--	--	--------------	---------------

Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	6.816	96,7	42	51.196	898	3.274	0	55.367
Óvirkir	8.675	17,6	43	11.180	228	721	0	12.129
Ellilífeyrisþegar	1.077	140,8	74	18.222	0	2.096	0	20.318
Örorkulífeyrisþegar	163	49,4	55	835	824	46	0	1.705
Makalífeyrisþegar	16	76,7	55	0	0	163	0	163
Barnalífeyrisþegar	47	20,8	12	0	0	0	74	74
SAMTALS	16.794	58,0	44,8	81.434	1.950	6.299	74	89.756

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	4.838	52,3	39	18.563	878	384	0	19.825
Óvirkir	7.928	10,7	42	5.854	309	126	0	6.289
Ellilífeyrisþegar	260	60,7	74	2.133	0	46	0	2.179
Örorkulífeyrisþegar	176	37,7	52	614	986	6	0	1.606
Makalífeyrisþegar	131	129,6	72	0	0	1.909	0	1.909
Barnalífeyrisþegar	33	24,0	11	0	0	0	65	65
SAMTALS	13.366	28,3	41,8	27.163	2.173	2.471	65	31.873

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	11.654	78,3	41	69.759	1.775	3.658	0	75.192
Óvirkir	16.603	14,3	42	17.034	537	846	0	18.418
Ellilífeyrisþegar	1.337	125,2	74	20.355	0	2.142	0	22.497
Örorkulífeyrisþegar	339	43,3	53	1.449	1.810	52	0	3.311
Makalífeyrisþegar	147	123,8	71	0	0	2.071	0	2.071
Barnalífeyrisþegar	80	22,1	12	0	0	0	139	139
SAMTALS	30.160	44,8	43,5	108.597	4.123	8.771	139	121.629

(þúskr.)

SAMTALS **108.597** **4.123** **8.771** **139** **121.629**

Bókfærð eign 127.891

Endurmat og kostnaður -11.514

Núverandi eign 116.378

Ókomin iðgjöld KARLAR 0

Ókomin iðgjöld KONUR 0

Samtals **0**

Heildareign 116.378

STAÐA -4,3% -5.252

Viðauki GÖGN

Gögn um sjóðfélaga og réttindi þeirra voru sótt í vefgátt hjá Fuglum ehf 18. febrúar 2020.

Gögnin eru textaskrár sem eru pakkaðar og eftirfarandi skrár voru notaðar við þessa tryggingafræðilegu athugun:

1. Einstaklingar.txt. Grunnupplýsingar um einstaklinga sem koma fram í öðrum skrá, einkonar þjóðskrá.
2. Idgj_Rettindi_Saga_ALMLIF. Iðgjaldagreiðslur og réttindi allra sjóðfélaga. Réttindin sem iðgjöldin mynda eru uppfærð til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í desember 2019.
3. Lifeyrir_ALMLIF. Lífeyrisþegar sem fengu greiddan lífeyri í desember 2019.
4. Idgj_Rettindi_Ny_ALMLIF. Allar iðgjaldahreyfingar á árinu 2019
5. Idgj_Rettindi_Ny_2017-2019_ALMLIF. Allar iðgjaldahreyfingar 3 ár aftur í tímann.
6. Tegund_LífGrRettinda_ALMLIF. Listi yfir tegundir lífeyrisgreiðslna hjá lífeyrisþegum.
7. Tegund_Rettinda_ALMLIF. Listi yfir allar tegundir lífeyrisréttinda hjá sjóðnum

Eftirfarandi tafla sýnir færslufjölda ofangreindra skráa:

	Færslufjöldi 2019	Færslufjöldi 2018
Einstaklingar	46.721	43.466
Idgj_Rettindi_Saga_ALMLIF	576.160	555.970
Lifeyrir_ALMLIF	1.924	1.679
Idgj_Rettindi_Ny_ALMLIF	116.200	106.481
Idgj_Rettindi_Ny_2017-2019_ALMLIF	331.660	308.250
Tegund_LífGrRettinda_ALMLIF	18	18
Tegund_Rettinda_ALMLIF	22	22